

Alþingi
Erindi nr. P 132/462
komudagur 8.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2005

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006, þskj. 11- 11. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 2. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem kveði á um að öllum sé heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda skv. 2. mgr. Laganefnd gerir ráð fyrir að átt sé við að nýr málsliður eigi að bætast við 2. mgr. 32. gr. laganna í stað nýrrar málsgreinar.

Fjallað er um málsmeðferð og úrskurði í VII. kafla laganna þar sem gerður er greinarmunur á málskotsheimildum annars vegar til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. lögum og til ráðherra hins vegar. Samkvæmt ákvæði 31. gr. laganna er heimilt að vísa ágreiningi um framkvæmd laganna, reglugerða settra samkvæmt þeim eða heilbrigðissamþykktá sveitarfélaga eða um ákvarðanir yfirvalda til sérstakrar úrskurðarnefndar. Ákvarðanir um starfsleyfi skv. 6. gr. eða ágreiningur milli heilbrigðisnefnda og sveitarstjórna eða milli heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar má kæra til ráðherra og er undanþegið lögsögu úrskurðarnefndarinnar. Með öðrum orðum er gerður greinarmunur á kæruleiðum eftir efni ákvarðana. Í frumvarpinu er ekki skilgreint hvaða ákvarðanir öllum eigi að vera heimilt að kæra til ráðherra en af greinargerð með frumvarpinu má lesa að einungis sé átt við ákvarðanir sem lúta að starfsleyfum skv. 6. gr. laganna. Með vísan til ofanritaðs telur laganefnd skorta á skýrleika í lagatexta frumvarpsins hvaða ákvarðanir eigi í hlut svo ekki verði um deilt.

Að öðru leyti telur laganefnd ekki ástæðu til þess að fjalla um ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.